

Greinargerð um menningarstefnu

Efnisyfirlit

1.	Formáli.....	3
2.	Aðgerðir og áherslur í menningarmálum	5
3.	Fimm norrænar menningarstofnanir	12
4.	Styrkjaáætlanir á menningarsviði	13
5.	Alþjóðlegt samstarf	19
6.	Menningarsamstarf Sama	20
7.	Fjölmiðlastefna	21
8.	Þverfaglegt samstarf	23
9.	Lokaorð.....	25



Samantekt

Sumarið 2018 samþykkti Norðurlandaráð tilmæli byggð á tillögu norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar um greinargerð um menningarstefnuna. Norræna ráðherranefndin samþykkti tilmælin fyrir sitt leyti og þakkaði fyrir þann áhuga sem Norðurlandaráð sýndi norrænu menningarsamstarfi innan Norrænu ráðherranefndarinnar. Nefndin tilgreindi nokkrar áhugaverðar og gagnlegar spurningar sem greinargerðin skyldi veita svör við. Ráðherranefndin hefur unnið með spurningarnar og vonast til að hafa veitt svör við þeim í þeirri greinargerð sem hér liggur fyrir. Greinargerðin er þó engan veginn tæmandi lýsing á samstarfssviði ráðherranefndarinnar um menningarmál. Áhersla er lögð á helstu aðila og stefnumótandi áherslur samstarfssviðsins. Í greinargerðinni er valin sú leið að fjalla um gildistíma *Stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar í menningarsamstarfi 2013–2020*.

Þær aðgerðir og áherslur í menningarmálum sem ráðherranefndin (MR-K) hefur staðið að á undanförunum árum hafa haft og hafa enn mikla þýðingu á Norðurlöndum og víðar. Markmiðið með þeim er að efla og styrkja samspil norrænna menningargeira við umheiminn og standa að kynningu þeirra á erlendri grund.

Tilraunaverkefnið Volt, menningar- og tungumálaáætlun fyrir börn og ungmenni, er mikilvægt forgangsverkefni í menningarmálum sem greitt hefur fyrir fundum í raunheimum og styrkt verkefni sem eiga erindi til breiðs hóps á Norðurlöndum, það er barna og ungmenna. Áætlunin storkar fyrirfram ákveðnum skoðunum á því sem börn og ungmenni geta áorkað á sviði menningar og lista, því börn og ungmenni eru í raun stór hópur sem skapar, flytur og nýtur menningar og lista.

Verkefnin Menningarlíf fyrir alla á Norðurlöndum og Heimsbókasafnið hafa tekist á við norrænar áskoranir og fundið leiðir til að auka hlutdeild nýbúa á Norðurlöndum í menningu og listum, meðal annars bjóða bókasöfn upp á efni á tungumálum utan Evrópu. Verkefnin Ice Hot og NOMEX lifa áfram eftir að fjármögnun ráðherranefndarinnar (MR-K) lauk. Þau eru nú hnattræn samstarfsnet sem standa að menningarútflutningi.

Ráðherranefndin (MR-K) hefur um áráraðir sent frá sér yfirlýsingar um mál sem eru ofarlega á baugi. Yfirlýsingarnar hafa komið að góðu gagni í starfi norræna UNESCO-hópsins.

Norrænu menningarstofnanirnar fimm, Norræna húsið í Reykjavík, Norðurlandahúsið í Færeyjum, Norræna stofnunin á Grænlandi, Norræna stofnunin á Álandseyjum og Norræna menningargáttin í Helsinki eru mikilvægir og miðlægir aðilar í norrænu menningarsamstarfi. Á gildistíma menningarstefnunnar hefur starfsemi menningarstofnananna færst nær þeim fimm markmiðum sem tilgreind eru í menningarstefnunni (Sjálfbær Norðurlönd, Skapandi Norðurlönd, Þvermenningarleg Norðurlönd, Ung Norðurlönd, Stafræn Norðurlönd). Umræddar menningarstofnanir eru á einu máli um að stefnan hafi reynst vel. Hún hefur vísað veginn og gert starfið greinilegra, auk þess hafa markmiðin fimm sett svip sinn á alla starfsemi stofnananna.



Norrænar styrkjaáætlanir á menningarsviði veita styrki til listafólks og menningaraðila. Markmiðið með styrkjakerfunum er að greiða fyrir menningarverkefnum, samstarfsnetum, hreyfanleika, dvöl í gestaíbúðum, myndun alþjóðlegra tengsla og að skapa ný störf, svo eitthvað sé nefnt, í þágu listafólks og menningaraðila á Norðurlöndum, í Eystrasaltsríkjunum og víðar. Norræna-baltneska hreyfanleikaáætlunin á menningarsviði hefur einnig orðið til að styrka samstarf við Eystrasaltsríkin.

Margt sem unnið er innan fjárhagsramma ráðherranefndarinnar (MR-K) á sér alþjóðlega vídd. ESB-samstarfið fer fram á vettvangi Priority Area Culture, en þar hefur ráðherranefndin átt fulltrúa í stýrihópnum allt frá upphafi árið 2013. Menningarsamstarf á norðurlöndum sem ráðherranefndin (MR-K) tekur þátt í hefur beint sjónum að menningu og listum sem forsendu samfélagslegrar, efnahagslegrar og umhverfislegrar þróunar á norðurlöndum. Sjónarmið upprunalegs fólks eru eðlilegur og mikilvægur þáttur þegar unnið er að málefnum norðurlönda. Sama á við um sérstakar aðgerðir til stuðnings við menningu og menningarsamstarf Sama.

Fjölmiðlar eru hluti af norrænu menningarsamstarfi á vegum ráðherranefndarinnar (MR-K). Mikil áhersla er lögð á fjölmiðlasviðið, en það nær einnig yfir kvikmyndir og sjónvarp. Þetta kemur meðal annars fram í styrkjum til Nordicom (Norrænu gagnamiðstöðvarinnar um fjölmiðlarannsóknir), Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins, Norrænu blaðamannamiðstöðvarinnar og Filmkontakt Nord. Einnig má nefna fjölda verkefna og aðgerða sem fjalla á ýmsan hátt um mikilvæg mál sem eru ofarlega á baugi, svo sem tjáningarfrelsi, fjölmiðlalæsi og vandaða blaðamennsku.

Þverfaglegt samstarf skapar virðisauka og ný sjónarhorn á samstarfssviðinu. Á gildistíma stefnunnar hefur ráðherranefndin (MR-K) tekið þátt í ýmis konar samstarfi af því tagi. Tungumálasamstarfið er eitt mikilvægasta þverfaglega samstarfið. Norrænn tungumálaskilningur gengur eins og rauður þráður gegnum opinbert norrænt samstarf. Tungumálin eru stór hluti af sjálfsmýnd okkar og hornsteinn þess sem við köllum menningu okkar.

Nú er gildistími stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar í menningarsamstarfi senn á enda. Hafinn er undirbúningur að nýrri samstarfsáætlun til fjögurra ára og verður hún tilbúin á haustdögum 2020. Greinargerð um menningarstefnu er tímabær og mun vonandi nýtast vel við gerð nýrrar samstarfsáætlunar.

1. Formáli

Menningin er kjarni norrænnar samvinnu og eitt veigamesta samstarfssvið Norrænu ráðherranefndarinnar og sem allt opinbert norrænt samstarf byggist á. Menning og listir eru jafnframt samofinn þáttur í öflugum samfélagi og góðu lífi. Menning og listir gegna mikilvægu hlutverki í samfélaginu, efla þroska og umræðu fólks og skapa frjóa og gagnrýna hugsun. Allt eru þetta mikilvægar forsendur sjálfbærs lýðræðis-samfélags og endurnýjunar.



Norrænt menningarsamstarf fer að mestu leyti fram staðbundið og svæðisbundið, hvort sem það er fjármagnað af opinberu norrænu fé eða á annan hátt (hlutverk sveitarfélaga og landssvæða í menningarmálum er mismunandi eftir löndum). Áhugi á norrænu samstarfi er greinilegur meðal staðbundinna og svæðisbundinna aðila. Borgarleikhús mynda samstarfsnet um efnisskrá, sveitarfélög standa saman að hátíðahaldi, skólabekkir fara í heimsóknir milli landa og kynnast gegnum tónlist, gestaíbúðir gera listafólki kleift að starfa um tíma annars staðar á Norðurlöndum og leggja sitt af mörkum til menningarlífsins á staðnum.

Sá mikli áhugi sem Norðurlandþjóðirnar hafa á því að taka þátt í menningu hver annarrar og norrænum menningarsamskiptum tryggja víðtækan stuðning almennings við pólitískt norrænt samstarf. Mikil áhersla er lögð á menningarsamstarf á Norðurlöndum því það skapar skilning, samkennd, framþróun og nýsköpun hvarvetna á svæðinu. Norrænt menningarsamstarf getur ráðið úrslitum þegar tekist er á við miklar samfélagsáskoranir í umhverfis- og loftslagsmálum og varðandi aðlögun og hreyfanleika. Menning og listir styðja við græn umskipti og efla samkeppnishæfni landanna með hagvexti og nýsköpun.

Kynning á norrænni menningu um allan heim vekur jafnframt athygli á sameiginlegum gildum Norðurlanda svo sem lýðræði, sjálfbærni og velferð. Með kynningu á norrænni menningu erlendis getum við eftt vörumerki Norðurlandanna og mun það hafa jákvæð áhrif á fjölmörg svið norræns samstarfs. Þetta hefur þegar komið í ljós í samnorrænum menningarverkefnum.

Aðgerðir og verkefni í menningarmálum á Norðurlöndum efla sjálfbæra þróun í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Auðugt og fjölbreytt menningarlíf er forsenda opinna jafnréttissamfélaga fyrir alla á Norðurlöndum. Með því að skapa opinn og greiðan aðgang að menningu og listum fyrir breiðan hóp fólks og með rými og fundarstöðum fyrir íhugun og umræðu eflir menningin sjálfbær samfélög með þátttöku og tjáningarfrelsi þar sem öllu fólki finnst það tilheyra hópnum. Norrænt menningarsamstarf er einnig afar mikilvægt fyrir málskilning og menningarläsi. Í starfinu er lögð áhersla á börn og ungmenni, sem markhóp en einnig sem þátttakendur og meðhöfunda.

Samfélagslegt hlutverk menningar og hæfileiki hennar til að beina kastljósinu að mikilvægum samfélagsmálum höfða til fólks, vekja umræður og skapa þekkingu og vitund um sameiginlegar áskoranir á Norðurlöndum. Auðugt og nýstárlegt lista- og menningarlíf á Norðurlöndum sem er byggt er á fjölbreyttum og hefðbundnum menningararfi gerir Norðurlöndin að sjálfbæru og aðlaðandi menningarsvæði í augum umheimsins.



2. Aðgerðir og áherslur í menningarmálum

Þær aðgerðir og áherslur í menningarmálum sem ráðherranefndin (MR-K) hefur staðið að um áraraðir hafa haft og hafa enn mikla þýðingu á Norðurlöndum og víðar. Þær eru einnig í forgangi í fjárhagsáætluninni.

2.1. *Norræn menningarverkefni erlendis*

Markmiðið með norrænum menningarverkefnum erlendis er að efla og styrkja samspil og samskipti norrænna menningargeira við umheiminn og að standa að kynningu á þeim á erlendri grund. Þar eð verkefnin eru norræn en ekki tvíhliða eiga þau að skapa virðisauka fyrir þátttakendur og styrkja ímynd Norðurlanda sem skapandi svæðis. Jafnframt að gefa norrænu listafólki og menningaraðilum kost á að vera stödd á sama staðnum samtímis og mynda tengslanet sem hægt er að byggja hugsanlegt samstarf á í framtíðinni.

Á gildistíma stefnunnar hefur ráðherranefndin (MR-K) átt frumkvæði að og fjármagnað tvö viðamikil norræn menningarverkefni erlendis. Annað þeirra, **Nordic Cool**, var hátíð sem stóð yfir í heilan mánuð í Kennedy Center menningarmiðstöðinni í Washington D.C. á árinu 2013. Fjárveiting menningarmálaráðherranna til þessa nam 1,5 milljónum DKK. Hitt verkefnið, **Nordic Matters**, samanstóð af fjölda menningar- og listaviðburða í Southbank Centre menningarmiðstöðinni í Lundúnum. Verkefnið stóð yfir allt árið 2017 og hlaut 5 milljónir DKK úr sjóði ráðherranefndarinnar (MR-K). Auk þess fengu verkefnið styrki frá löndunum og úr ýmsum styrkjaáætlunum á menningarsviðinu, Norræna menningarsjóðnum og einnig frá einkaaðilum.

750 norrænir listamenn, menningaraðilar, fjölmiðlafólk og matreiðslumenn tóku þátt í Nordic Cool-hátíðinni. Dagskrá hátíðarinnar bauð meðal annars upp á leiksýningar, danssýningar, tónleika og kvikmyndasýningar. Næstum 200 þúsund manns sóttu hátíðina. Mikið var fjallað um hátíðina í norrænum og bandarískum fjölmiðlum. Auk fjölda gesta tókst að mynda ný tengsl í menningarlífi Washingtonborgar og efla pólitísk tengsl.

Nordic Matters er stærsta norræna menningar- og listaverkefni sem staðið hefur verið að í Bretlandi. Þetta var í fyrsta sinn sem Southbank Centre helgaði heilt ár einu tilteknu svæði, menningu þess og listum. Verkefnið skapaði virðisauka fyrir þá 753 listamenn og menningaraðila sem tóku þátt í því. Þeir náðu út til breiðari hóps og fengu tækifæri til að mynda tengsl til lengri tíma við framleiðendur og aðra.

Verkefnið gerði einnig breskum almenningi kleift að kynna sér og fræðast um norræna menningu. Rúmlega 3,1 milljón manna heimsóttu Southbank Centre á meðan Nordic Matters stóð yfir. Dagskráin var þannig úr garði gerð að gestir sem voru ekki mættir gagngert á norrænan viðburð í Southbank Centre gátu notið norrænnar menningar og lista í rýmum eða á viðburðum með almennari yfirskrift.

Bæði verkefnið löðuðu að sér fjölda manns á umræddar menningarmiðstöðvar. Verkefnið vöktu athygli fjölmiðla á norrænni menningu og listum og veittu þekktu og



minna þekktu listafólki tækifæri til að ná út til breiðari hóps og mynda ný tengsl. Verkefnin voru einnig fundarstaður stjórnmalafólks, álitsgjafa og samtaka ferðabjónustu.

Í maí 2019 ákváðu menningarmálaráðherrar Norðurlanda að næsti áfangastaður samnorræns menningarverkefnis yrði Kanada og veittu 5 milljónir DKK til verkefnisins. Verkefnið mun standa yfir allt árið 2021 og fjalla um listræna nýsköpun, þátttöku allra og sjálfbærni jafnframt því að efla norræn tengsl við ýmsa staði á við Toronto, Halifax, Vancouver og Iqaluit. Auk þess að velja Kanada sem næsta áfangastað sameiginlegs menningarverkefnis ákváðu menningarmálaráðherrarnir að veita styrk að upphæð 900 þúsund DKK til metnaðarfullrar menningardagskrár í Brussel með það fyrir augum að styrkja og auka hlut norrænnar menningar og lista í Evrópu. Dagskráin fer fram í BOZAR, stærstu menningar- og listamiðstöð Belgíu, á tímabilinu 2019-2020.

2.2. Áherslur í menningarmálum

Volt, menningar- og tungumálaáætlun for börn og ungmenni er tilraunaverkefni með því markmiði að greiða fyrir norrænum fundum og menningarsamstarfi auk þess að efla tungumálaskilning á Norðurlöndum. Áætlunin styrkir verkefni þar sem menningarleg og listræn sköpun og þátttaka ungs fólks er í fyrirrúmi og samstarfið eykur skilning ungmenna á tungumálum og menningu hinna Norðurlandanna.

Áætluninni var ýtt úr vör á vordögum 2017 sem forgangsverkefni á menningarsviði. Verkefnið var metið á sumarmánuðum 2019 og gefst menningarmálaráðherrunum því kostur á að taka ákvörðun fyrir árslok um *hvort* og *hvernig* verkefnið myndi halda áfram.

Árið 2015 beindi Norðurlandaráð tilmælum (27/15 Menningarleg skólataska á Norðurlöndum) til samstarfssviða menningar- og menntamála. Ekki reyndist unnt að fylgja tilmælunum eftir en ráðherranefndin (MR-K) ákvað á fundi sínum í október sama ár að auka áherslu á börn og ungmenni. Fyrst og fremst með starfi fyrir, með og að frumkvæði barna og ungmenna þar sem þau geta hist og unnið saman að frjórri, skapandi og fagurfræðilegri framleiðslu. Starfið átti einnig að efla tungumálaskilning unga fólksins, forvitni þeirra og þekkingu á löndum og menningu hvers annars.

Það voru því fyrrnefnd tilmæli og ákvörðun menningarmálaráðherranna sem leiddu til þess að Volt-áætlunin leit dagsins ljós. Markmiðið með áætluninni er að styðja verkefni þar sem áhersla er lögð á sköpun og málskilning barna og ungmenna. Áætlunin tekur á móti umsóknum einu sinni á ári og byggir á sömu armslengdarreglu¹ og aðrar styrkjaáætlanir á menningarsviði². Að áætluninni koma fjórir sérfræðingar, tveir æskulýðsfulltrúar og tveir fulltrúar Lista- og menningaráætlunarinnar, sem hafa sérþekkingu á verkefnum fyrir, með og eftir börn og ungmenni. Það eru nýmæli að

¹ Sérfræðingar taka ákvarðanir um styrkveitingar, enginn utanaðkomandi aðili getur haft áhrif á ákvarðanir þeirra.

² Greint er frá styrkjaáætlunum á menningarsviði í 4. kafla



tveir æskulýðsfulltrúar eru meðal sérfræðinganna og einsdæmi þegar styrkveitingar til verkefna eru annars vegar. Norræna menningargáttin er umsýslustofnun áætlunarinnar og árleg fjárveiting hennar er á bilinu 2-2,5 milljónir DKK.

Styrkveitingar 2017-2019 (DKK)

	Umsóknir	Styrkveitingar	Upphæð sem sótt er um	Veitt upphæð
2017:	35	9	9.774.705	1.732.527
2018:	28	5	6.273.623	1.587.051
2019:	27	8	7.746.182	2.143.499

Áætlunin hefur greitt fyrir fundum í raunheimum og styrkt verkefni sem eiga erindi til breiðs hóps á Norðurlöndum, það er barna og ungmenna. Áætlunin storkar fyrirfram ákveðnum skoðunum á því hverju börn og ungt fólk geta áorkað á sviði menningar og lista, því börn og ungmenni eru í raun fjölmennur hópur sem skapar, flytur og nýtur menningar og lista. Andstætt þeirri tilhneigingu sem kannski er fyrir hendi að börn og ungmenni verði fyrst listafólk og menningaraðilar þegar fram líða stundir.

Barna- og unglíngabókmenntir – LYFTET (Lyftistöngin)

Þegar barna- og unglíngabókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs voru stofnuð árið 2013 ákvað ráðherranefndin (MR-K) að grípa tækifærið til að vekja athygli á norrænum barna- og unglíngabókmenntum með LYFTET-verkefninu. Starfstímabil verkefnisins er til þriggja ára í senn, nú síðast 2019-2021. Markmiðið er að efla og vekja athygli á vönduðum nútímabókmenntum fyrir börn og unglínga. Árlega er haldið fjölmennt þversíndalegt málþing og á þriðja starfstímabilinu er gefið út árlegt rit með sýnishornum úr bókum. LYFTET er ætlað að stuðla að því að fleiri Norðurlandabúar kynnist og lesi norrænar barna- og unglíngabækur og því er áherslan að svo stöddu lögð á starfsfólk á sviði barna- og unglíngabókmennta á Norðurlöndum.

LYFTET hefur allt frá byrjun fengið árlega fjárveitingu á bilinu 500.000-1.000.000 DKK. Umsýslustofnun verkefnisins er Norræna húsið í Reykjavík.

Verkefnið hefur leitt til þess að norrænar barna- og unglíngabækur á tungum Norðurlandanna eru orðnar aðgengilegri en áður. Og þær hafa náð út til fagfólks sem vinnur með barna- og unglíngabókmenntir.



Menningarlíf fyrir alla á Norðurlöndum

Ráðherranefndin (MR-K) fól Norsk kulturråd umsjón með verkefninu Menningarlíf fyrir alla á Norðurlöndum á tímabilinu 2017-2019. Um er að ræða forgangsverkefni til þriggja ára sem formennskulandið Noregur átti frumkvæði að í Norrænu ráðherranefndinni 2017. Árleg fjárveiting ráðherranefndarinnar til verkefnisins nemur tveimur milljónum DKK. Verkefnið hefur fjallað um hvernig menningarlífið getur greitt fyrir aðlögun og virkri þátttöku flóttafólks og annarra nýbúa.

Í verkefninu hefur verið unnið með norrænar áskoranir og lausnir varðandi virka þátttöku fólks. Að verkefninu kemur atvinnufólk en einnig áhugafólk í menningarlífinu. Á gildistíma verkefnisins hafa norrænir aðilar skipst á þekkingu og reynslu, ráðist í verkefni og skapað þekkingu. Á tímum lýðfræðilegra breytinga á Norðurlöndum er mikilvægt að draga lærdóm af reynslu annarra landa af því að gefa öllu fólki kost á að taka þátt, hafa áhrif og tilheyra menningu og samfélaginu almennt.

Verkefnið styðst við tengslanet, skipulag og samstarf sem fyrir er og vekur athygli á því góða starfi sem unnið er en hvetur jafnframt til nýsköpunar og nýrra samstarfsleiða. Framtíðarsýnin er sú að Norðurlöndin geti nýtt sér alla krafta og færni til uppbyggingar á nýskapandi menningarlífi og góðum nærsamfélögum.

Á undanförunum árum hafa sjö norræn samstarfsnet skipst á reynslu og aðferðum. Þar hefur verið unnið með menningarskólum, bókasöfnum, söfnum og forystufólki í menningarlífinu. Árangur starfsins verður kynntur á lokaráðstefnu verkefnisins í Ósló dagana 2.-3. desember 2019.

Þekkingarmiðstöð fyrir menningarsamstarf

Árið 2012 var ákveðið að ráðast í norrænt þekkingarverkefni um menningu með það fyrir augum að auðvelda norrænu menningarmálaráðherrunum að taka góðar og skynsammar ákvarðanir. **Kulturanalys Norden** (KAN) var sett á laggirnar 2016 sem norræn þekkingarmiðstöð fyrir menningarsamstarfið. Myndigheten för kulturanalys (yfirvöld menningargreiningar) í Svíþjóð er umsýslustofnun verkefnisins. Starfsemin er þrískipt:

- kerfisbundin samhæfing til lengri tíma á norrænni tölfræði,
- úttektir og greining á menningarmálum og þekkingarmiðlun,
- samstarfsnet rannsækenda, tölfræðisérfræðinga og annarra aðila á menningarsviði.

Á fyrsta starfsárinu (2016) rannsakaði KAN tölfræðilegan grunn átta menningarsviða sem urðu fyrir valinu vegna þess að þau voru samanburðarhæf og vegna tölfræðilegra markmiða þeirra og gagnagæða. Að kortlagningu lokinni var ráðist í samanburðar-tölfræði um söfn á Norðurlöndum, kvikmyndir í kvikmyndahúsum og töluleg gögn um bókasöfn. Ensk samantekt á innihaldi skýrslanna birtist í *State of the Nordic Region*, riti Nordregio, rannsóknastofnunar á sviði byggða- og skipulagsmála.



Tvær tölfræðiskýrslur til viðbótar voru kynntar á ráðstefnunni *Kulturpolitisk dag* (Dagur menningarstefnu) í Dansens hus í Stokkhólmi á árinu 2018. Önnur þeirra birti samanburðartölur um jafnrétti í menningargeira en í hinni, *Kultur med olika bakgrund* (Menning af ólíkum uppruna) eru tölur um atvinnuþátttöku fólks af erlendum uppruna og þátttöku þess í menningarlífi Norðurlanda. Báðar skýrslurnar tilgreina tölfræðileg markmið og vísa um hvernig hægt er að fylgjast með framþróun jafnréttis og fjölbreytileika.

Í samræmi við stefnuna í menningarsamstarfi og að beiðni ráðherranefndarinnar (MR-K) hefur KAN gert úttektir á menningarlegum aðstæðum og málefnum. Ein þeirra er skýrsla um menningarstjórnun á Norðurlöndum. Skýrslan greinir frá skipulagsbreytingum í menningarmálum á Norðurlöndum, ber þær saman og greinir frá verkaskiptingu á ólíkum stigum í löndunum. Rannsóknaritið *Vem får vara med?* (Hver má vera með?) segir frá dæmum um menningu og aðlögun á Norðurlöndunum. Greinasafn um tómstundamenningu barna og ungmenna kom út á árinu 2019.³

Ráðherranefndin (MR-K) ákvað á árinu 2019 að Kulturanalys Norden skyldi starfa áfram og þróa hlutverk sitt á árunum 2020 og 2021.

Heimsbókasafn

Víða á Norðurlöndum er bókasöfnum skylt að bjóða upp á þjónustu á ýmsum innflytjendamálum sem töluð eru í löndunum. Til mikils er að vinna ef löndin taka höndum saman um að bjóða upp á þessa þjónustu. Á þingi Norðurlandaráðs 2014 var tekin ákvörðun á þá leið „Að hafin verði könnun á því hvort samlegðaráhrif og hagkvæmni geti náðst í sameiginlegu norrænu bókasafnsverkefni“. Með sameiginlegu bókasafnsverkefni er átt við samstarf milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um að skapa stafrænt bókasafn fyrir nýbúa. Ráðherranefndin (MR-K) ákvað að veita samtals þrjár milljónir DKK á þriggja ára tímabili (2016-2018) til verkefnis með yfirskriftinni **Världens bibliotek (Heimsbókasafn [VB])**.

Verkefninu var ætlað að gera tilraunir með að dreifa bókum, tónlist, kvikmyndum og rafrænu efni á tungumálum utan Evrópu gegnum sameiginlega norræna bókasafnslausn. Verkefnið gaf einnig kost á að ná samlegð á sviði bókasafnsfræði. Innkaup, skýrslugerð um höfundarrétt, flokkun, miðlun og sameiginleg vefgátt fyrir notendur eru verkefni sem hægt er að leysa á hagkvæman hátt og yfir landamæri Norðurlandanna.

Heimsbókasafnið liggur nú fyrir í þremur útgáfum: Verdensbiblioteket.dk, Verdensbiblioteket.no og Världensbibliotek.se. Landsbókasöfnin í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hafa ákveðið að fjármagna þjónustuna framvegis og Finnland og Ísland hafa hug á að setja heimsbókasafn laggirnar í sínum heimalöndum. Verkefnið lifir áfram þrátt fyrir að fjárveitingum ráðherranefndarinnar (MR-K) sé lokið. Bókasafninu berst stöðugt efni á nýjum tungumálum.

³ Skýrslurnar/ritin er að finna hér: <https://kulturanalysnorden.se/publications/>



Ice Hot

Á gildistíma menningarstefnunnar hefur eitt forgangsverkefni ráðherranefndarinnar (MR-K) verið norræna samstarfsnetið **Ice Hot** en hlutverk þess er að kynna og greiða götu norrænnar danslistar erlendis. Meðal annars á Norðurlöndum annað hvert ár þegar erlendum sýningarstjórum og framleiðendum er boðið að sjá norræn dansverk og mynda tengsl við norræna danshöfunda og dansflokka. Þá hefur samstarfsnet unnið erlendis, í Suður-Ameríku, Asíu og Ástralíu.

Fyrsti fundur Ice Hot-samstarfsnetanna var haldinn 2010 í Stokkhólmi og hlaut 40 þúsund evra styrk úr Hreyfanleikaáætluninni⁴. Síðar ákvað ráðherranefndin (MR-K) að samstarfsnetið yrði eitt áherslusviða menningarmálaráðherranna. Árlegar fjárveitingar til verkefnisins á árunum 2011-2018 voru á bilinu 750.000-1.000.000 DKK. Samstarfsnet Ice Hot hafa fundað annað hvert ár til skiptis í höfuðborgunum fimm. Samstarfsverkefnið var upphaflega lítið að sniðum en er nú orðið stórt alþjóðlegt samstarf sem gegnir mikilvægu hlutverki í dansheiminum. Næsti fundur verkefnisins verður í Helsinki.

Ice Hot er gott dæmi um lítið norrænt verkefni sem verður að alþjóðlegu samstarfsneti sem lifir áfram eftir að fjárveitingu ráðherranefndarinnar (MR-K) lýkur.

Nordic Music Export Program

Annað forgangsverkefni sem hefur stuðlað að útflutningi á norrænni menningu og list á gildistíma menningarstefnunnar er **Nordic Music Export Program** (NOMEX), norrænn samstarfsvettvangur um tónlistarútflutning sem skipaður er fulltrúum frá útflutningsskrifstofum tónlistar á Norðurlöndum. Í árslok 2011 ákvað ráðherranefndin (MR-K) að NOMEX yrði forgangsverkefni á menningarsviðinu. Á fimm ára tímabili (2012-2016) hlaut verkefnið árlega fjárveitingu frá menningarmálaráðherrunum á bilinu 1,5-2 milljónir DKK. Meginhlutverk vettvangsins er að kortleggja stefnumiðaða útflutningsmarkaði og samhæfa samantekt á sambærilegum tölfræðilegum gögnum um tónlistarútflutning á Norðurlöndum í því skyni að bæta eiginlegan þekkingargrunn og norrænt samstarf. Verkefni á við Norræna spilunarlistann/Nordic Playlist, Ja Ja Ja Club, Hokuo Trade Mission og Nordic Travel Pass hafa greitt fyrir hreyfanleika ungs tónlistarfólks og aukið þekkingu á frumsamdri norrænni tónlist á Norðurlöndum og alþjóðlega. Enn sem fyrr er mikilvægt að styrkja innri tónlistarmarkað á Norðurlöndum og samkeppnishæfni landanna erlendis.

Einkar vel hefur tekist að skapa samstarfsanda hjá norrænu útflutningsskrifstofunum. Helsti árangurinn af starfi NOMEX er að tekist hefur að stækka verkefni sem fyrir voru í löndunum og gera þau að norrænum stórverkefnum, jafnframt því að þróa nýja norræna framleiðslu og verkefni. Á þann hátt tekst að vekja athygli á norrænum tónlistariðnaði í norrænu menningarsamstarfi og pólitíska kerfinu almennt.

⁴ Nánar um Hreyfanleikaáætlunina í kafla 4.2.



2.3. Yfirlýsingar

Á gildistíma menningarstefnunnar hefur ráðherranefndin (MR-K) sent frá sér sameiginlegar yfirlýsingar í því skyni að beina kastljósinu að málum sem eru ofarlega á baugi. Þar má nefna **Yfirlýsingu um sérstöðu skjalasafna í norrænum samfélögum** sem ráðherrarnir sendu frá sér 28. apríl 2014. Norrænu menningarmálaráðherrarnir voru sammála um að skjalasöfn á Norðurlöndum gegndu mikilvægu hlutverki í samfélögum nútímans. Söfnin sjá um að varðveita og stjórna menningararfi þjóðanna. Þau skrá fortíð, réttindi og sögu samfélaga og einstaklinga. Skjalasöfn eru ómetanleg og mikilvægur hornsteinn norrænna lýðræðissamfélaga. Í ljósi þessa undirrituðu menningarmálaráðherrar Norðurlandanna Almennu skjalasafna-yfirlýsinguna sem UNESCO samþykkti í nóvember 2011.

Þann 12. maí 2015 sendi ráðherranefndin (MR-K) frá sér sameiginlega yfirlýsingu um **Ólögleg viðskipti með menningarminjar frá Írak og Sírylandi**. Aðdragandi yfirlýsingarinnar var sá að sögulegar menningarminjar voru teknar ófrjálsri hendi og þeim smyglað úr Írak og Sírylandi. Ástandið var (og er) mjög alvarlegt því menningarminjar ganga kaupum og solum á ólöglegum markaði til fjármögnunar á starfsemi öfgahópa. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti þann 12. febrúar 2015 ályktun sem skuldbindur aðildarríkin til að grípa til ráðstafana til að koma í veg fyrir þetta. Í yfirlýsingu menningarmálaráðherranna voru norrænir fagaðilar, listaverkasafnarar og listaverkasalar, fornsalar og starfsfólk safna hvatt til að sýna sérstaka aðgát.

Í nóvember 2015 var norrænn hliðarviðburður um listafólk og listrænt frelsi á aðalþingi Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) í París. Rætt var um þörf á tækjum til að sinna eftirliti með listrænu frelsi í löndunum, svæðisbundið og hjá UNESCO. Í framhaldi af því og í tilefni ráðstefnu sem haldin var í Helsinki í tilefni Alþjóðadags fjölmiðlafrelsis sendu norrænu menningarráðherrarnir frá sér yfirlýsingu þann 2. maí 2016 með yfirskriftinni **Promoting Diversity of Cultural Expressions and Artistic Freedom in a Digital Age** (*Stuðningur við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform og listrænt frelsi á stafrænni öld*). Í yfirlýsingunni sögðust ráðherrarnir reiðubúnir að efla menningu sem gæfi rými fyrir óhindrað og opið tjáningarfrelsi, jafnframt að og vernda og styðja við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform í samræmi við *Samning UNESCO um að vernda og styðja við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform* frá árinu 2005. Þá fögnuðu ráðherrarnir mikilvægum skrefum sem UNESCO hafði tekið, ekki síst fyrstu hnattrænu skýrslunni um innleiðingu fyrrnefnds samnings frá árinu 2005 í því skyni að efla hnattrænt eftirlit með listrænu frelsi, jafnrétti, þátttöku félagasamtaka og áskorunum á nýrri stafrænni öld innan ramma þess að efla fjölbreytileika menningarlegrar tjáningar.

Í maí 2018 sendu norrænu menningarmálaráðherrarnir (MR-K) frá sér sameiginlega yfirlýsingu um **#MeToo í menningargeiranum** þar sem þeir gangast við því að geirinn standi frammi fyrir áskorunum hvað varðar stjórnun en einnig ábyrgð



atvinnurekenda. Með hliðsjón af kortlagningu Norrænu upplýsingamiðstöðvarinnar um kynjafræði (NIKK) á löggjöf á Norðurlöndum um kynferðisáreitni ákvað ráðherranefndin (MR-K) að efna til samstarfs um fyrirbyggjandi aðgerðir gegn kynferðisáreitni með það fyrir augum að tryggja jafnrétti í menningargeiranum. Í framhaldi af þeirri yfirlýsingu fól ráðherranefndin (MR-K) menningarstofnunum á sínum vegum ásamt Norðurlöndum í fókus að skipuleggja hringferð (til Helsinki, Maríuhafnar, Eskilstuna, Óslóar, Kaupmannahafnar, Þórshafnar í Færeyjum, Reykjavíkur og Nuuk) með pallborðsumræðum um áskoranir vegna kynferðisáreitni í menningargeiranum. Markmiðið með því að bera saman reynslu landanna er að auka vitund fólks um löggjöf, þekkingarskipti og viðhorfsbreytingar en einnig að mynda ný samstarfsnet og nýjan umræðuvettvang. Greint var frá útkomu umræðnanna á alþjóðlegri #MeToo-ráðstefnu sem haldin var á Íslandi í september 2019.

Sameiginlegar yfirlýsingar eru mikilvægar fyrir menningarsamstarfið. Þær hafa einnig mikla þýðingu fyrir starf annarra stofnana. Sá stuðningur sem fram kemur í yfirlýsingu menningarmálaráðherranna hefur nýst Norðurlöndunum vel í samstarfi á vegum UNESCO.

3. Fimm norrænar menningarstofnanir

Norrænu menningarstofnanirnar fimm, **Norræna húsið í Reykjavík (NOREY)**, **Norðurlandahúsið í Færeyjum (NLH)**, **Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA)**, **Norræna stofnunin á Álandseyjum (NIPÅ)** og **Norræna menningargáttin í Helsinki (NKK)** eru mikilvægir og miðlægir menningaraðilar í norrænu menningarsamstarfi. Þær fá árlegar fjárveitingar frá norrænu menningarmálaráðherrunum og lúta stjórn Norrænu ráðherranefndarinnar. Stór hluti⁵ árlegrar fjárveitingar menningarmálaráðherranna rennur til þessara stofnana.

Í starfsemi stofnananna er lögð áherslu á að efla og viðhalda norrænu samstarfi og velja árlega eina eða fleiri af fimm áherslum menningarstefnunnar og hinum þremur þverlægu áherslum, það er sjónarmiðum barna og ungmenna, jafnréttis og sjálfbærni. Stofnanirnar eiga að starfa í samræmi við stefnumiðuð starfsumboð sín. Stjórnþæki þeirra eru hinu árlegu fjárveitingarbréf þar sem greint er frá fjárveitingu og almennri áætlun starfsins á komandi starfsári. Auk þess eiga stofnanirnar að vinna saman.

Eitt helsta verkefni norrænu menningarstofnananna er að menningarsamstarfið höfði til breiðs hóps, efla samkennd og gagnkvæman skilning milli Norðurlandabúa og stuðli jafnframt að samheldni í velferðarsamfélögum Norðurlanda. Allar fimm stofnanir eiga með dagskrá sinni að vera mikilvægur norrænn fundarstaður í gisti-landinu og áberandi þátttakandi í norrænu menningar- og listalífi. Þær eiga einnig að vekja athygli á norrænu menningarsamstarfi og efla það í heimalandinu, norrænt og alþjóðlega. Tilgangurinn er að ná út til nýrra hópa og endurspegla ný menningarleg

⁵ Um 26,5%.



tjáningarform í því skyni að auka þekkingu og áhuga á norrænu menningarsamstarfi hjá breiðari hópi fólks og stofnana. Þær eiga jafnframt að vinna í auknum mæli með fjölbreytileika í innihaldi starfseminnar en einnig samskiptum út á við, einkum varðandi aðlögun/fólk sem flust hefur til Norðurlandanna. Jafnframt að stuðla að því að börn og ungmenni ekki síður en fullorðnir hljóti mikilvægan sess í norrænu menningarsamstarfi.

Stjórnunarlíkan fyrir allar norrænar stofnanir tók gildi í byrjun árs 2016. Í því felst að forstöðumenn stofnananna axla nú fjárhagslega og lagalega ábyrgð á starfseminni en einnig urðu breytingar á hlutverki stjórnanna. Stjórnirnar gegna ráðgjafarhlutverki fyrir stofnanirnar og styðja forstöðumennina, eru til viðræðu við þá um leið og þær eru sendiherrar norræns menningarsamstarf og hafa tengslanet sem geta nýst stofnununum.

Á gildistíma menningarstefnunnar hefur starfsemi menningarstofnananna færst nær þeim fimm markmiðum sem tilgreind eru í menningarstefnunni (Sjálfbær Norðurlönd, Skapandi Norðurlönd, Þvermenningarleg Norðurlönd, Ung Norðurlönd, Stafræn Norðurlönd). Umræddar menningarstofnanir eru á einu máli um að stefnan hafi reynst vel. Hún hefur vísað veginn og gert starfið greinilegra auk þess sem markmiðin fimm hafa sett svip sinn á alla starfsemi stofnananna.

Menningarstefnan og áherslusvið hennar hafa þegar sýnt gildi sitt við kynningu á stofnununum og sjálfsmynd þeirra auk þess sem starfsemi hefur byggst á þeim. Stefnan hefur auðveldað undirbúningsstarf og fært rök fyrir því hvort hefja skuli eða ekki tiltekið samstarf eða verkefni. Áherslusviðin eru í senn mikilvæg og nægileg almenn til þess að stofnanirnar geti fylgt eigin markmiðum og áherslum. Menningarstefnan hefur alltaf verið grundvöllur starfsins og samtalsins. Þar eð fjárveitingarbréfin byggja á sömu meginreglum og markmiðum og stefnan er orðið auðveldara fyrir stofnanirnar að tileinka sér innihald þeirra því stefnan er sú sama á hinum ýmsu stigum. Innihaldið er ákveðið út frá stefnunni og fjárveitingabréfinu og á þann hátt er tryggt að stefnan fléttist inn í allt starfið. Stefnan birtist í dagskránni, samstarfinu og fjárfestingum. Dagskráin birtist í menningu og listum sem framléidd er og/eða sýnd. Samstarfið birtist í vali á samstarfsaðilum, staðbundnum og norrænum.

4. Styrkjaáætlanir á menningarsviði

Norrænar styrkjaáætlanir á menningarsviði veita styrki til listafólks og menningaradila. Auk norrænu menningarstofnananna eru styrkjaáætlanirnar mikilvægustu tæki menningarstefnunnar sem ráðherra nefndin (MR-K) ræður yfir og fer stór hluti⁶ árlegra fjárveitinga til þeirra.

Markmiðið með styrkjakerfunum er að greiða fyrir menningarverkefnum, samstarfsnetum, hreyfanleika og dvöl í gestaíbúðum, að mynda alþjóðleg tengsl, skapa ný

⁶ Um 17.6 %.



störf og þar fram eftir götunum í þágu listafólks og menningaraðila á Norðurlöndum, í Eystrasaltsríkjunum og víðar.

Eins stór hluti af norrænu menningarfé og kostur er á að renna til menningarlífsins sem ferðastyrkir fyrir einstaklinga, til að skapa samstarfsnet og verkefni og styrkja dvöl í gestaíbúðum. Þetta er markmiðið með styrkjaáætlunum. Í hnotskurn mætti segja að til að mynda hreyfanleikastyrkur geti orðið þess valdandi að lítil hugmynd eins manns getur orðið að hnattrænu samstarfsneti eða verkefni.

Allar styrkjaáætlanir menningarmálaráðherranna (MR-K) hafa á sínum snærum hóp óháðra sérfræðinga sem metur umsóknir og tekur ákvarðanir um styrkveitingar. Þessir einstaklingar búa yfir breiðri listrænni og menningarlegri færni og eru fulltrúar allra Norðurlandanna. Svonefnd armslengdarregla þar sem enginn utanaðkomandi aðili, enginn embættismaður, stjórnmalamaður eða umsækjandi getur haft áhrif á ákvarðanatökuna, er afar mikilvæg fyrir alla aðila og óskað er eftir að henni verði viðhaldið.

4.1. Lista- og menningaráætlunin

Lista- og menningaráætlun ráðherranefndarinnar (MR-K) var sett á laggimar 2007. Áætlunin var rekin tímabundið til ársins 2016. Frá árinu 2017 hefur áætlunin haldið áfram enn sem komið er.

Áætlunin byggist á stefnu menningarmálaráðherranna og markmið hennar er að styðja norrænt samstarf á sviði menningar og lista með fjárveitingum til nýskapandi verkefna af háum listrænum og menningarlegum gæðum sem efla fjölbreytt og sjálfbær Norðurlönd. Fá áætlunarinnar er ekki eyrnamerkt hinum fimm áherslusviðum menningarstefnunnar og er hún einnig opin verkefnum sem fjalla um önnur þemu. Við úthlutun styrkja er tekið tillit til sjónarmiða jafnréttis, sjálfbærni og barna og ungmenna í samræmi við þverlægar áherslur Norrænu ráðherranefndarinnar.

Lista- og menningaráætlunin veitir styrki til verkefna á öllum sviðum menningar og lista og á öllum stigum verkefna. Í því felst að hægt er að sækja um styrki til undirbúnings og rannsókna í tengslum við verkefni. Um er að ræða áætlun sem ætluð er eigindlegum verkefnum sem framkvæmd eru af atvinnufólki eða áhugafólki. Áætlunin hefur samtals átta sérfræðinga á sínum snærum en þeir eru fulltrúar allra Norðurlandanna með starfsumboð til þriggja ára. Hægt er að sækja um styrki til verkefna með listrænt eða menningarlegt gildi og sem stuðla að fjölbreyttum og sjálfbærum Norðurlöndum. Norræna menningargáttin er umsýslustofnun áætlunarinnar og árleg fjárveiting hennar nemur um 16,8 milljónum DKK.



Styrkveitingar 2013–2019 (DKK)

	Umsóknir	Styrkveitingar	Upphæð sem sótt er um	Veitt upphæð
2013:	491	89	29.401.596	15.616.578
2014:	456	86	48.269.168	16.160.644
2015:	522	83	110.693.036	16.651.748
2016:	591	94	126.786.997	16.533.420
2017:	403	71	93.734.559	16.885.261
2018:	377	68	88.837.592	16.950.054
2019*:	199	42	44.919.477	8.230.209

**Eitt umsóknarferli eftir*

Á árinu 2018 veitti ráðherra nefndin (MR-K) áætluninni eyrnamerka aukafjárveitingu að upphæð 800.000 DKK til styrktar aðgengilegri menningu og listum fyrir alla á grundvelli jafnréttis og sem ögrar reglum og gildum og fær fólk til að finnast það skipta máli og tilheyra hópnum. Aukafjárveitinguna nýtti Lista- og menningaráætlun til innleiðingar menningarsviðsins á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Lista- og menningaráætlunin hefur þróast í áranna rás út frá aðilum í lista- og menningarlífi. Þróunin hefur falist í að koma betur til móts við markhópin og að styrkjaáætlanirnar mæti betur þörfum hans. Áætlunin hefur breiðst út til allra listgreina og listafólks á öllum sviðum, atvinnufólks og áhugafólks.

Einnig á sviði menningar og lista mun vistvæn sjálfbærni væntanlega öðlast meira vægi þegar vitund fólks eykst um stærð vistspora sem ferðalög skilja eftir sig. Menningar- og listasviðið mun íhuga í auknum mæli að ferðast, neyta og framleiða á loftslagsvænni hátt og svonefnd „loftslagslist“ mun beina sjónum að loftslagsmálum.

4.2. Norræn-baltnesk hreyfanleikaáætlun á menningarsviði

Norræna-baltneska hreyfanleikaáætlunin á menningarsviði (MOB) er í eigu menningarmálaráðherra Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna á jafnréttisgrundvelli (*equal footing*) hvað varðar fjármögnun og ákvarðanatökur. Áætlunin á að efla menningar- og listasamstarf Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna. Áætlunin snýst um að auka samskipti um þekking og tenglamyndun svo og nærveru og áhuga á menningu og listum Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna. Norræna-baltneska hreyfanleikaáætlunin veitir þrenns konar styrki: hreyfanleikastyrki, styrki til samstarfsneta og styrki til dvalar í gestaíbúðum. Árleg fjárveiting nemur um 13 milljónum DKK.



Hreyfanleikastyrkirnir veita einstaklingum eða fámennum hópum aðgang að samskiptum, færni og þekkingu víðs vegar að á svæðinu. Styrkina er einnig hægt að nýta til kynningar á listum og menningarframleiðslu og vekja áhuga á menningu og listum Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna. Styrkir til samstarfsneta greiða fyrir fundum og samskiptum um hugmyndir og þekkingu milli atvinnufólks og menningar- aðila á Norðurlöndum og/eða í Eystrasaltsríkjunum. Dvalarstyrkir gefa norrænum og baltneskum gestaíbúðum kost á að bjóða til sín listafólki frá hinum Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjunum. Meðan á dvölinni stendur getur listafólkið unnið ótrúflað, blandað geði við kollega sína og tengst menningar- og listalífi dvalarstaðarins.

Áætlunin er með á sínum snærum samtals 14 sérfræðinga frá öllum löndunum. Árið 2019 varð enska opinbert mál í samstarfinu. Norræna menningargáttin er umsýslu- stofnun áætlunarinnar.

Samstarfið við Eystrasaltsríkin jókst verulega á árinu 2009 þegar þáverandi hreyfan- leikaáætlun ráðherranefndarinnar (MR-K) var útvíkkuð og opnuð Eystrasaltsríkjunum.

Styrkveitingar 2013–2019 (DKK)

	Umsóknir	Styrkveitingar	Upphæð sem sótt er um	Veitt upphæð
2013:	1081	376	39.990.192	13.391.092
2014:	918	328	45.481.498	12.570.988
2015:	832	281	52.808.915	14.343.336
2016:	847	304	51.691.453	13.476.163
2017:	865	278	56.369.457	13.107.321
2018:	920	268	51.405.991	13.018.510
2019*:	764	196	45.024.671	9.503.928

*Tvö umsóknarferli eftir.

4.3. Styrkjaáætlun NAPA til menningarmála

Markmiðið með styrkjaáætlun Norrænu stofnunarinnar á Grænlandi (NAPA) til menningarmála er að festa í sessi, stofna til og styðja aðgengilegt menningarlíf sem höfðar til fólks frá sjónarhorni Norður-Atlantshafsins.

Styrkjaáætlun NAPA til menningarmála á að efla sjálfbærni menningarlífsins og samfélagsins almennt. Menningin er fjórða stoðin í sjálfbæru samfélagi. Annað mikil- vægt markmið er að virkja börn og ungmenni og ná út til nýrra markhópa. Verkefni og starfsemi sem hljóta styrki verða að hafa greinileg tengsl við grænlenskt



menningarlíf og efla menningartengsl milli Grænlands og hinna Norðurlandanna. Samkvæmt reglum stofnunarinnar ber stjórnin ábyrgð á að ráðstafa fé áætlunarinnar (styrkjaáætlun NAPA til menningarmála) og stjórninni er heimilt að ákveða ramma áætlunarinnar, afgreiða umsóknir og úthluta styrkjum. Árlegar úthlutanir styrkja NAPA til menningarmála hafa á undanförunum árum verið á bilinu 2,8-3,5 milljónir DKK. Norræna stofnunin á Grænlandi er umsýslustofnun áætlunarinnar.

4.4. Þýðingarstyrkir

Markmiðið með þýðingarstyrkjum er að efla útgáfu á vönduðum norrænum bókmenntun á öðrum Norðurlandtungum en frummálinu. Með frummáli er átt við dönsku, finnsku, íslensku, norsku, sænsku, færeysku, grænlandsku og samísku. Markmiðið með styrkjakerfinu er að auka þekkingu á norrænum bókmenntum á Norðurlöndum og gera bækurnar aðgengilegri á norrænum tungumálum. Enn fremur að auka áhuga á og færni í þýðingum á norrænum bókmenntum. Hluti fjárhæðarinnar er eyrnamerkur þýðingum á barna- og unglingabókum.

Styrkjakerfið heyrði áður undir Lista- og menningaráætlunina en nú er það undir sjálfstæðum fjárlagalið með árlega fjárveitingu sem nemur um þremur milljónum DKK. NordLit er umsýsluaðili styrkjakerfisins en það er samstarfsnet bókmenntamiðstöðva á Norðurlöndunum, einnig FarLit í Færeyjum, rithöfundafélagsins á Grænlandi og samíska rithöfundafélagsins. Umsóknir eru afgreiddar í nefndum í hverju landi um sig. Tengiliður samstarfsnetsins er Slots- og Kulturstyrelsen í Danmörku.

Þýðingarstyrkirnir hafa stuðlað að því að æ fleiri lesendur hafa kynnst norrænum bókmenntun á móðurmáli sínu. Eyrnamerkt fé hefur bætt forsendur þýðinga á barna- og unglingabókum.

Auk styrkjakerfanna veitir **Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn** (NFTF) styrki til framleiðslu á hljóð- og myndverkum. Fjallað er um sjóðinn og starfsemi hans í 7. kafla. Fjölmíðlastefna.

4.5. Viðbrögð við styrkjaáætlunum á menningarsviði í Evrópu og á Norðurlöndum

Styrkjaáætlanir ráðherranefndarinnar á menningarsviði eru þekktar og virtar í Evrópu, rétt eins og rótgrónar samstarfsleiðir í norrænu menningarsamstarfi. Að sjálfsögðu ber að stefna að enn fleiri og vandaðri umsóknum og verkefnislýsingum en staðreyndin er sú að einnig á Norðurlöndum eru áætlanirnar vel þekktar svo og tækifæri þeirra og áhrif. Meðal grasrótar listafólks og menningaraðila eru styrkjakerfin vel þekkt og þétt riðin tengslanet teygja sig um Norðurlöndin þver og endilöng og út um Evrópu. Eins og fram kom í nýrri skýrslu, *Effects on Network Funding* (2019), hafa styrkir til samstarfsneta ýmis góð áhrif þar sem mun fleiri listamenn en þeir sem



nefndir eru í umsóknunum njóta afrakstursins. Gáruáhrif eiga þátt í að virkja listafólk og verkefni víðar en á höfuðborgarsvæðum Norðurlandanna.

4.6. *Norræni menningarsjóðurinn*

Norræni menningarsjóðurinn (NKF) er sjálfstæð stofnun en starfsemin er fjármögnuð með fjárveitingu frá ráðherranefndinni (MR-K) sem nemur um 36 milljónum DKK á ári. Norræni menningarsjóðurinn veitir einnig styrki til listafólks og menningaraðila en styrkjakerfið sjálft er eilítið öðru vísi byggt upp en styrkjaáætlanir í umsjón Norrænu menningargáttarinnar.

Hlutverk sjóðsins er að efla menningarsamstarf Norðurlandanna. Samkvæmt samningnum nær verksvið sjóðsins yfir allt norrænt menningarsamstarf innan Norðurlandanna og utan. Sjóðurinn vinnur að því að endurnýja og hleypha þrótti í lista- og menningarlíf á Norðurlöndum hvað varðar fjölbreytileika, aðgengi og há gæði. Með styrkjakerfinu vill Norræni menningarsjóðurinn vera áberandi og mikilvægur aðili að þróun lista og menningarstefnu á Norðurlöndum. Sjóðurinn hefur lagt áherslu á að þróa styrkjakerfin og skapa sýnileika og ný samhengi með forvirkum aðgerðum og virku samskiptastarfi. Norræni menningarsjóðurinn hefur auðveldað þátttöku á innlendum, norrænum og alþjóðlegum vettvangi í því skyni að bæta forsendur fyrir framþróun menningar og lista í norrænu samstarfi. Þemaverkefni **HANDMADE** og **Puls** eru dæmi um samstarf innlendra og norrænna styrkjajfirvalda eða stofnana á sviði menningar.

Handið er mikilvæg á öllum sviðum menningar og lista á Norðurlöndum. Á árunum 2016–2018 lagði Norræni menningarsjóðurinn sérstaka áherslu á að styrkja og vekja athygli á handið með **HANDMADE**-verkefninu. Með verkefninu styrkti menningarsjóðurinn fjárhagslega undirbúning nýrra hugmynda að verkefnum og 32 samstarfsverkefni í framkvæmd.

Markmiðið með þemaverkefninu **Puls – Nordisk livemusik** er að efla þvernorrena samhæfingu í þeim tilgangi að skapa sjálfbæran norrænan heimamarkað fyrir tónlist, efla vinnumarkaðinn, auka listræn gæði og efla norræna tónlist sem á þátt í að móta sjálfsmynd okkar. Styrkir Puls á árunum 2017 og 2018 námu um 9 milljónum DKK og voru veittir 62 fundarstöðum og hátíðum víðs vegar á Norðurlöndum. Markhópar styrkjanna eru tónleikahaldarar sem leiða tónlist og áheyrendur saman með því að setja listafólkið á dagskrá sem nær til nýrra norrænna hópa. Fjármögnunaraðilar áætlunarinnar eru Norræni menningarsjóðurinn, ráðherranefndin (MR-K), Statens Kunstfond í Danmörku, Finnish Music Foundation (MES) og sænska ríkið.

Árið 2018 samþykkti stjórn Norræna menningarsjóðsins stefnu til fjögurra ára. Meginmarkmið stefnunnar eru að a) efla framleiðslu, nýsköpun og miðlun lista og menningar á Norðurlöndum og hnattrænt, b) efla samstarfsnet um menningu og listir á öllum stigum norræns menningarsamstarfs og c) þróa og miðla þekkingu á lista- og menningarlífi í því skyni að ýta undir þróun menningarstefnu á Norðurlöndum.



5. Alþjóðlegt samstarf

Margt sem unnið er innan fjárhagsramma ráðherranefndarinnar (MR-K) inniheldur alþjóðlega vídd. Menningarstofnanirnar eru afar alþjóðlegar í starfi sínu. Margar styrkjaáætlanir ráðherranefndarinnar til menningarmála eru alþjóðlegar í þeim skilningi að þær einkorðast ekki við menningarverkefni á Norðurlöndum eða norræna þátttakendur eða samstarfsaðila. Það geta rétt eins verið norræn verkefni erlendis eða samstarf norrænna aðila við erlenda aðila – á Norðurlöndum eða annars staðar.

Öflugt lista- og menningarlíf Norðurlanda hefur löngum einkennst af gæðum og fjölbreytni og norrænt listafólk og menningaraðilar hafa verið eftirsóttir erlendis. Margir þeirra taka þátt í alþjóðlegu samstarfi og þau samskipti og samspil skipta miklu máli, ekki aðeins í menningargeiranum heldur einnig í öðrum samskiptum Norðurlanda um allan heim. Á það sinn þátt í að móta alþjóðlega ímynd Norðurlanda og stuðlar jafnframt að því að löndin skiptast á mikilvægum hugmyndum við umheiminn. Og einmitt til að fanga og styðja þau tækifæri sem leynast í þessum áhuga á og frá Norðurlöndum tekur ráðherranefndin (MR-K) frumkvæði og fjármagnar og framkvæmir ýmis verkefni til styttri eða lengri tíma.

Á gildistíma menningarstefnunnar hafa norrænu menningarstofnanirnar staðið að fjölda verkefna sem vakið hafa mikla og verðskuldaða athygli og dreifingu alþjóðlega. Sýningarnar *The Weather Diaries*, *Iskrystalprinsessen* og *Welcome Home* hafa farið víða um Evrópu, Asíu og Suður-Ameríku. Með áherslu á norræna hönnun og arkitektúr hafa sýningarnar greitt götu núlifandi listafólks og nýsköpunar á Norðurlöndum jafnframt því að miðla norrænum gildum á við sjálfbærni og lýðræði.

5.1. *Eystrasaltssvæðið*

Framkvæmdastjórn ESB ákvað í byrjun árs 2013 að menningin yrði (þá) nýtt áherslusvið, **Priority Area Culture** (PA Culture), í nýrri framkvæmdaáætlun fyrir stefnu ESB um málefni Eystrasaltssvæðisins. Slésvík-Holtsetaland og Pólland urðu samhæfingaradilar á hinu nýja áherslusviði og í samstarfi við þau skapaði Norræna ráðherranefndin flaggskipsverkefnið *Culturability* um menningu og sjálfbæra þróun. Upplýsingaskrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar í Riga hafði aðalumsjón með verkefninu.

Markmiðið með flaggskipsverkefninu var að skapa þekkingu á því hvernig samfélagsleg nýsköpun og menning getur verið hvati fyrir sjálfbæra þróun. Einnig að koma á samstarfi milli aðila í menningarlífinu og utan þess á þremur sviðum (félagslegri aðlögun í þéttbýli / menningarskipulagi; spilum og snjöllum lausnum / Minecraft og sjálfbærri menningartengdri ferðaþjónustu/ menningu og skapandi atvinnugreinum) í því skyni að stuðla að góðum starfsvenjum menningar og sjálfbærni á Eystrasaltssvæðinu. Verkefninu lauk á árinu 2017 en það leiddi af sér ný samstarfsnet og verkefni sem voru meðal annars fjármögnuð af Lead-áætlun Evrópusambandsins.



Norræna ráðherranefndin hefur tekið þátt í PA Culture og stýrihóp verkefnisins allt frá upphafi. PA Culture snýst um að efla og vekja athygli á menningu og skapandi atvinnugreinum á Eystrasaltssvæðinu, standa vörð um og vekja athygli á menningararfi landanna og bæta og auðvelda menningarsamstarf á Eystrasaltssvæðinu.

5.2. Norðurslóðir

Hlutverk menningar í sjálfbærri þróun á norðurslóðum hefur fengið æ meira vægi á undanförunum árum. Ráðherranefndin (MR-K) vildi varpa ljósi á þetta og stuðla að lausnum, nýju samstarfi og þekkingarmiðlun á norðurslóðum og tók þess vegna þátt í að fjármagna Arctic Arts Summit.

Formennskulandið Noregur stóð að fyrsta Arctic Arts Summit á árinu 2017. Það var í fyrsta sinn sem haldinn var fundur um menningarmál norðurslóða þar sem öll norðurslóðalöndin átta tóku þátt. Í þrjú daga funduðu rúmlega 300 ráðamenn, menningaraðilar, listamenn, fulltrúar menningargreina, listmennta og fleiri í Harstad í Noregi. Á ráðstefnunni fæddist ný þekking og ný sjónarhorn, vettvangur fyrir sýningar og samstarf um menningu og listir á norðurslóðum, einnig fyrir umræðu um menningu og menningarstefnu á norðurslóðum og hlutverk hennar í sjálfbærri þróun á svæðinu. Árið 2019 tók Rovaniemi í Finnlandi við keflinu þar sem Arctic Arts Summit fór fram í annað sinn undir yfirskriftinni *The Arctic as a Laboratory for Sustainable Art and Culture Policy* en ráðstefnan var þáttur í formennskáætlun Íslands í ráðherranefndinni (MR-K). Báðar ráðstefnurnar áttu þátt í að vekja athygli á hlutverki menningar og lista í samfélagslegri, efnahagslegri og umhverfisleg þróun á norðurslóðum. Ráðstefnurnar hafa markað sér sess sem mikilvægur fundarstaður hagsmunaaðila á svæðinu.

Norræna stofnunin á Grænlandi er mikilvægur vettvangur fyrir norrænt og norrænt-alþjóðlegt menningarsamstarf á norðurslóðum. Sú staðreynd að Norræna ráðherranefndin er með starfsemi á Grænlandi skiptir miklu máli í samstarfi norðurskautssvæðanna og þar er NAPA mikilvægur fulltrúi samstarfs Norðurlandanna.

6. Menningarsamstarf Sama

Sjónarmið upprunalegs fólks er sjálfsagður og mikilvægur þáttur í starfi að málefnum norðurslóða. Að því er gætt á Arctic Arts Summit en ráðherranefndin (MR-K) stendur einnig að séraðgerðum til að styðja til að mynda menningu og menningarsamstarf Sama. Meðal annars eru styrkir veittir til menningarmáladeildar og -starfsemi Samaráðsins og regnhlífasamtakanna Samíska listamannaráðsins. Báðar stofnanir vinna að því að efla menningarlíf Sama í breiðum skilningi og samískt listafólk með verkefnastyrkjum og öðrum styrkjum, með því að efla skipulagt samstarf yfir landamæri í Samalandi, bæta forsendur til að stjórna, endurnýja og útfæra samíska list, listhandverk, tungumál og fleira. Formennskulandið Svíþjóð greip til sérstaka



aðgerða á árinu 2018 til þess að skapa þekkingu og miðla bestu starfsvenjum um hvernig beita má menningu og listum til að endurlífga fámenn tungumál á við samísku og grænlenku á Norðurlöndum.

7. Fjölmiðlastefna

Fjölmiðlamál er samofinn þáttur í norrænu menningarsamstarfi á vegum ráðherra-nefndarinnar (MR-K). Undir fjölmiðlasvið heyrja einnig kvikmyndir og sjónvarp og mikil áhersla er lögð á þennan málaflokk í samstarfinu. Þetta kemur meðal annars fram í styrkjum til Nordicom (Norrænu gagnamiðstöðvarinnar um fjölmiðlarannsóknir), Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins, Norrænu blaðamanna-miðstöðvarinnar og Filmkontakt Nord. Einnig má nefna fjölda verkefna og aðgerða sem fjalla á ýmsan hátt um mikilvæg mál sem eru ofarlega á baugi, svo sem tjáningarfrelsi, fjölmiðlalæsi og vandaða blaðamennsku.

Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn (NFTF) er staðsettur í Ósló. Starfsemi hans byggist á samningum til fimm ára í senn milli sjóðsaðila sem frá 1. janúar 2020 (nýtt samningstímabil) eru ráðherranefndin (MR-K), kvikmyndastofnanir landanna og 16 norrænar sjónvarpsstöðvar. Hlutverk sjóðsins er að efla framleiðslu og dreifingu á hljóð- og myndverkum af háum gæðum. Það er gert með því að taka þátt í fjármögnun á framleiðslu á hljóð- og myndverkefnum, þar á meðal öllum tegundum skáldskapar (leiknum kvikmyndum, leiknum sjónvarpsþáttum, sjónvarpsþáttaröðum, teiknimyndum o.s.frv.) svo og skapandi heimildarkvikmyndum sem henta til sýningar í kvikmyndahúsum, sjónvarpi og/eða öðrum miðlum og sem talið er að eigi góða möguleika á markaði og meðal áhorfenda á Norðurlöndum. Árleg fjárveiting sjóðsins nemur um 80 milljónum DKK (10,5 milljónum evra). Framlag ráðherranefndarinnar (MR-K) er þriðjungur þeirrar upphæðar.

Frá því á árinu 2014 hefur stjórn Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins unnið að því að þróa og endurnýja styrkjakerfi sjóðsins, hvað varðar leikið sjónvarpsefni, dreifingarkeðjur, fjármögnun framleiðslu og hlutverk sjóðsins við þjálfun ungs hæfileikafólks. Nordic Talents er árlegur viðburður sem safnar saman og fjallar um ungt hæfileikafólk í kvikmyndagerð frá öllum Norðurlöndunum. Þróunarverkefnið *Nordic Genre Boost* er ætlað sama markhópi en markmið þess er að norrænar kvikmyndir og leikið sjónvarpsefni höfði til ungs fólks. Önnur mikilvæg fjárfesting eru styrkir til útflutnings og dreifingar á kvikmyndum erlendis gegnum áætlunina *Nordic Distribution Boost*. Sjóðurinn hefur lagt áherslu á að hækka fjárhæðir til hvers verkefnis og auka almenna styrki til heimildamynda. Sjóðurinn leggur áherslu á heimildarmyndir og leiknar myndir fyrir börn og unglinga. Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn fylgist með því hvernig unnið er að jafnréttismálum innan geirans og gefur reglulega skýrslur um kynjahlutföll meðal framleiðenda og kvikmynda-leikstjóra.

Nordicom, Norræna gagnamiðstöðin um fjölmiðlarannsóknir, er mikilvægur samstarfsvettvangur í norrænu menningarsamstarfi á sviði fjölmiðla. Nordicom er



ætlað að skapa þekkingu um hlutverk fjölmiðla í samfélaginu. Nordicom er til húsa hjá Gautaborgarháskóla og safnar, vinnur úr, greinir og miðlar fróðleik og þekkingu um fjölmiðlaþróun á Norðurlöndum. Miðstöðin sinnir einnig öðrum verkefnum að beiðni Norrænu ráðherranefndarinnar. Þar má nefna tvö verkefni á árinu 2018, annars vegar námsstefnu um vandaða blaðamennsku og hins vegar greinasafn með yfirskriftinni *Youth and news in a digital media environment*. Í samræmi við þekkingarskyldu Nordicoms hefur miðstöðin einnig unnið að stofnun nýs vettvangs fyrir rannsakerndur.

Auk árlegra fjárveitinga til Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins og Nordicom er að jafnaði ráðist í ný verkefni og aðgerðir. Dæmi um þetta er ritið *Fighting Fakes – the Nordic Way* sem Norræna ráðherranefndin gaf út 2018. Ritið er innlegg í umræðuna um hvernig hægt er að sporna gegn áróðri og lygum í til að mynda fjölmiðlum. Enn fremur hvernig skapa má traust og trúverðugleika með orðum og staðreyndum. Ritið var kynnt á Alþjóðadegi fjölmiðlafrelsis (World Press Freedom Day) á vegum UNESCO sem haldinn var í Accra, höfuðborg Ghana, 2018.

Tjáningarfrelsi er ofarlega á dagskrá Norrænu ráðherranefndarinnar. Ráðherranefndin (MR-K) hefur meðal annars tekið saman umræðuritið *Den svåra yttrandefriheten – nordiska röster* (Erfiða tjáningarfrelsið – norrænar raddir) sem kom út árið 2017. Í ritinu eru fjórtán greinar eftir álitsgjafa frá Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð, einnig Álandseyjum, Færeyjum, Grænlandi og Samalandi. Í ritinu tjá greinarhöfundar sig um stöðu tjáningarfrelsis á Norðurlöndum og hvort þrengt sé að tjáningarfrelsinu.

Á formennskuári Noregs 2017 komu stjórnmalafólk og fulltrúar fjölmiðla frá Norðurlöndum og víðar saman á leiðtogafundi í tengslum við norræna fjölmiðladaga í Björgvin í Noregi. Þar voru ræddar áskoranir sem norrænir og alþjóðlegir fjölmiðlar standa frammi þegar hnattrænir fjölmiðlarisar á við Facebook og Google leggja undir sig æ stærri sneið af auglýsingamarkaðnum og eru jafnframt efnisveitur og dreifingaraðilar efnis sem aðrir fjölmiðlar hafa framleitt og unnið. Ráðherranefndin (MR-K) ákvað að fela Nordicom að kortleggja hvaða afleiðingar samkeppni frá alþjóðlegum fyrirtækjum hefur fyrir norræna fréttamiðla sem eru háðir auglýsingum (*Kampen om reklamen* [Slagurinn um auglýsingarnar]).

Norræna blaðamannamiðstöðin (NJC) styrkir vandaða blaðamennsku. Miðstöðin er til húsa hjá Danmarks Medie- og Journalisthøjskole í Árósum og vinnur að því að efla vandaða blaðamennsku og heimildagagnrýni með því að mennta norræna blaðamenn og mynda samstarfsnet fyrir blaðamenn um öll Norðurlönd. Auk norrænnar starfsemi hefur Norræna blaðamannamiðstöðin unnið um nokkurra ára skeið að því að efla samstarf blaðamanna á Norðurlöndum og í Norðvestur-Rússlandi. Markmiðið með því að er stuðla að jákvæðri fjölmiðlaþróun í Norðvestur-Rússlandi, auka gæði og fjölbreytni í umfjöllun um og í Rússlandi og á þann hátt auka kynni þjóða Norðurlandanna og Norðvestur-Rússlands.



Filmkontakt Nord vinnur að því að efla norrænar stutt- og heimildarkvikmyndir með því að tryggja framleiðslu og dreifingu á Norðurlöndum og erlendis. Það er gert með miðlunar- og kynningarstarfi allan ársins hring og sérstökum aðgerðum á kvikmynda-hátíðinni Nordisk Panorama. Sú hátíð er mikilvægur fundarstaður fyrir norræna kvikmyndagerðarmenn og leið til þess að gera norrænar kvikmyndir og kvikmynda-fyrirtæki fagmannlegri og alþjóðlegri.

8. Þverfaglegt samstarf

Þverfaglegt samstarf skapar virðisauka og ný sjónarhorn á samstarfssviðinu. Á gildis-tíma stefnunnar hefur ráðherranefndin (MR-K) tekið átt í ýmsu þverfaglegu samstarfi.

8.1. Tungumálasamstarfið

Norrænn tungumálaskilningur gengur eins og rauður þráður gegnum opinbert norrænt samstarf. Tungumálin eru stór hluti af sjálfsmynd okkar og hornsteinn þess sem við köllum menningu okkar. Menntamálaráðherrarnir bera meginábyrgð á tungumálasamstarfinu en ráðherranefndin um menningarmál er samábyrg.

Menningarmálaráðherrarnir leggja mikla áherslu á börn og ungmenni, einkum virka þátttöku þeirra og samveru með öðrum börnum og ungmennum frá Norðurlöndum. Með því að vera frjó og skapandi saman vaknar áhugi þeirra og skilningur á tungumálum hvers annars. Með þetta markmið að leiðarljósi settu menningarmálaráðherrarnir Volt-áætlunina á laggirnar (sjá kafla 2.2.).

Náið samráð er á milli menningar- og menntamálasviðs Norrænu ráðherra-nefndarinnar um tungumálasamstarfið. Árið 2018 tók menningarsviðið þátt í gerð nýrrar samstarfsáætlunar í menntamálum þar sem fjallað var um framþróun sameiginlegra gilda sem leynast í norrænu tungumálunum og menningarlegri sjálfs-mynd íbúanna.

Fámenn tungumál á Norðurlöndum njóta árvekni menningarsviðs og menntamála-sviðs. Í framhaldi af sænsku formennskuverkefni á menningarsviðinu, *Håll språken levande! Kulturens betydelse för Nordens språkliga mångfald* (Haldið tungumálunum lifandi! Mikilvægi menningar fyrir fjölbreytileika tungumála á Norðurlöndum) (frá árinu 2018) var ráðist í verkefni á sviði menntamála með því markmiði að auka vitund, áhuga og þekkingu fólks á því hvernig menntun og menning geta átt þátt í að endur-lífga og efla fámenn tungumál á Norðurlöndum. Verkefnið á meðal annars að leiða til myndunar norrænna og innlendra samstarfsneta og stefnumiðaðra samstarfsleiða, samstarfs um svipaðar áskoranir, miðlunar nýrrar þekkingar til og milli hlutaðeigandi yfirvalda í löndunum auk þess að fjöldi verkefna af háum gæðum sæki um styrki hjá Volt og að færniþróun verður í boði.

Í ljósi þess að þrettán ár eru liðin frá því að tungumálayfirlýsingin (*Yfirlýsingin um málstefnu Norðurlanda*) var undirrituð og að miklar breytingar hafa orðið á tungu-



málaaðstæðum á Norðurlöndum á þeim tíma sem liðinn er, ákvað embættismannafndin um menntamál og rannsóknir á árinu 2018 að undirbúa endurskoðun tungumálafirlýsingarinnar. Markmiðið er að greina hvar hagsmunir fara saman í norrænu tungumálasamstarfi. Vinnan mun fara fram í samráði við menningarsviðið.

8.2. Menning og heilsa

Í apríl 2013 ákvað ráðherranefndin (MR-K) að hefja kortlagningu á menningu og heilsu á Norðurlöndum, Vändpunkt – Förslag om kultur och hälsa i nordisk samverkan (*Þáttaskil – tillögur um menningu og heilsu í norrænni samvinnu*)⁷. Svæðisyfirvöldum á Skáni í Svíþjóð var falið að vinna verkið. Kortlagningin sýndi meðal annars að færni og þekking á tengslum menningar og heilsu er mjög mismunandi í löndunum. Öll löndin hafa að einhverju leyti náð framförum hvað þetta varðar á sviði rannsókna, menntunar og í verki. Mikilvægt markmið aðgerða á þessu sviði er að tengja saman og vekja athygli á reynslu og þekkingu landanna og ná á þann hátt norræna samlegð. Rannsóknir á sviði menningar og heilsu eru þvervísindalegar. Áskorunin í framtíðinni verður að leiða saman ólíkar hliðar menningar og heilbrigðissjónarmiða og auka skilning á flækjustigi þessa sjónarmiðs, í fræðilegum skilningi en einnig hvað varðar fjárveitingar.

Norðurlöndin eru mislangt á veg komin með þau málefni sem tekin voru fyrir í kortlagningunni. Menning og heilsa voru viðfangsefni í formennskuáætlun Svíþjóðar á árinu 2018. Haldin var ráðstefna til þess að fræðast nánar um hvernig menning og listir geta komið til viðbótar við hefðbundna hjúkrun og umönnun.

8.3. KreaNord

KreaNord hóf göngu sína á árinu 2008 sem þáttur í hnattvæðingarverkefni Norrænu ráðherranefndarinnar en markmiðið var að þróa og vekja athygli á Norðurlöndum sem svæði skapandi atvinnugreina. KreaNord kom á þverfaglegu samstarfi menningarmála- og atvinnuvegaráðuneytanna um stefnumótun, tók saman þekkingargrunn og rak ýmis verkefni, meðal annars um frumkvöðlastarf í listmenntun og fjármögnun. Áætluninni lauk um leið og hnattvæðingarverkefninu árið 2015.

KreaNord náði mestum árangri á stefnumótunarstigi og nýttist best í ráðuneytum og hjá öðrum yfirvöldum. KreaNord tókst að efla þekkingaröflun milli landanna, skapa nýja þekkingu og greiða fyrir þverfaglegum fundum. Segja má að KreaNord hafi sett skapandi atvinnugreinar á dagskrá stjórnmalanna þar sem áhrif skilaboða úr norrænu samstarfi hafi verið skýr í mörgum landanna.

⁷ <https://utveckling.skane.se/publikationer/rapporter-analyser-och-prognoser/vandpunkt--forslag-om-kultur-och-halsa-i-nordisk-samverkan/>



8.4. *Biophilia*

Biophilia var menningarverkefni til þriggja ára sem hófst á formennskuári Íslands 2014 en það var byggt á vinnu íslensku söngkonunnar Bjarkar. Um var að ræða viðamikið og þverfaglegt kennsluverkefni með sköpunarkraftinn í öndvegi þar sem lögð var áhersla á nýsköpun í kennslu með því að þróa kennsluaðferðir sem tengdu saman þekkingu, skapandi hugsun og tækni.

9. Lokaorð

Á skrifandi stundu eru norrænu menningarmálaráðherrarnir að undirbúa nýja menningarstefnu, það er nýja samstarfsáætlun í menningarmálum fyrir tímabilið 2021–2024. Ný samstarfsáætlun á að vera tilbúin á haustdögum 2020. Ekki er vitað hverjar áherslur hennar verða. Vonandi getur greinargerð þessi um menningarmál komið að notum við gerð nýrrar samstarfsáætlunar.

Þegar litið er um öxl er óhætt að segja að Stefna Norrænu ráðherranefndarinnar í menningarsamstarfi 2013–2020 hafi gengið sem rauður þráður gegnum menningarsamstarfið og í þágu þess. Hún hefur vísað veginn og gert starfið greinilegra. Mörgu hefur verið áorkað. Nú er vitað á hverju hægt er að byggja áfram á um leið og ný áherslusvið eru íhuguð.

Norræna ráðherranefndin metur mikils að fá tækifæri til að greina þekkingar- og menningarmálanefnd Norðurlandaráðs frá samstarfinu á gildistíma menningarstefnunnar 2013-2020.

Að mati Norrænu ráðherranefndarinnar hefur gott samráð milli ráðherranefndarinnar og ráðsins verið mikilvægt og gjöfult. Það er von Norrænu ráðherranefndarinnar að nefndin telji greinargerðina athyglisverða og gagnlega og jafnframt að hið góða samráð haldi áfram einnig í framtíðinni.